FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# LÖG UM OPINBER FJÁRMÁL

## Markmið og helstu áherslur

Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri
1. nóvember 2016

# UMFJÖLLUNAREFNI

1. Markmið laga um opinber fjármál
2. Stefnumótun og áætlanagerð ríkisaðila
3. Meðferð fjárheimilda og fjárveitinga
4. Framtíðarfyrirkomulag fasteigna

# MARKMIÐ LAGA UM OPINBER FJÁRMÁL

# Góð hagstjórn og styrk og ábyrg stjórn opinberra fjármála

Heildstæð stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma

Vandaður undirbúningur áætlana og lagasetningar sem varða efnahag opinberra aðila

Skilvirk og hagkvæm fjárstjórn og starfsemi

Opinber reikningsskil í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur

Virkt eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár, eigna og réttinda


Stefna
Fjármunir
Árangur

# SKÝR HLUTVERK OG ÁBYRGÐ
# BETRA OG ÁRANGURSRÍKARA SAMSTARF

## Fagráðuneyti

- Bera ábyrgð á skiptingu fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila
- Upplýsa ríkisaðila **tímanlega** um ákvarðanir og áform er varða rekstur þeirra
- Hafa **virkt eftirlit** með framkvæmd fjárlaga á sínu málefnasviði
- Bregðast við tillögum forstöðumanna um aðgerðir vegna frávika innan 15 daga

## Forstöðumenn ríkisaðila í A-hluta

- Bera ábyrgð á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og samþykktar áætlanir
- Upplýsa ráðuneyti **án tafar** um frávik frá rekstraráætlun og áform um viðbrögð

# HEILDARMYNDIN



# HEILDARMYNDIN



# FJÁRLAGAFRUMVARP 2017




- Markmið
- Mælikvarðar
- Aðgerðir

- Fjárveiting 2017
- Áætlun fyrir 2018 og 2019

# STEFNUMÓTUN OG ÁÆTLANAGERÐ RÍKISAÐILA

# TÍMASETNINGAR Í STEFNUMÓTUNARFERLINU



# STEFNUMÓTUN RÍKISAÐILA

- Ríkisaðilar móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. næstu þrjú ár
- Stefnan byggir á stefnu ráðuneytis í viðeigandi málefnasviði og málaflokki og sýnir **áherslur** í starfsemi stofnunar á tímabilinu en er ekki ætlað á ná utan um starfsemina í heild sinni
- Vinna við stefnumótun hefst eigi síðar en eftir að fjármálaáætlun hefur verið lögð fram
- Drög að stefnu kynnt ráðuneyti í ágúst/september

# STEFNA RÍKISAÐILA



# ÁRSÁÆTLUN RÍKISAÐILA

» Eigi síðar en **15. október** skila ríkisaðilar drögum að áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár til fagráðuneytis
  - Rekstur lagaður að fjárveitingum samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga
  - Áætluð dreifing útgjalda og tekna innan ársins
  - Áætluð afkomu í lok yfirstandandi árs

» Ráðuneyti staðfesta áætlanir með fyrirvara um mögulegar breytingar Alþingis á fjárheimildum eigi síðar en **10. nóvember**

» Liggi ekki fyrir samþykkt ársáætlun við árslok  verður fjárveiting ársins sett á **desembermánuð**

# FORSENDUR ÁRSÁÆTLANA RÍKISAÐILA FYRIR ÁRIÐ 2017

- Forstöðumenn ættu nú þegar að hafa verið upplýstir ef verulegar breytingar er varða rekstur stofnunar eru fyrirhugaðar.
- Annars skal gera ráð fyrir lítilli sem engri breytingu frá fyrra ári.

# MEÐFERÐ FJÁRHEIMILDA
# OG FJÁRVEITINGA

# EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA

- Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á og hefur virkt eftirlit með framkvæmd fjárlaga á sínu málefnasviði.
- Ráðuneytin skulu skila afkomugreinagerðinni til fjármála- og efnahagsráðuneytisins eigi síðar en **25 dögum** eftir lok hvers ársfjórðungs.
- Forstöðumenn ríkisaðila bera ábyrgð á að bókhald gefi sem réttasta mynd af fjárhagsstöðu hverju sinni.

# MILLIFÆRSLUR FJÁRVEITINGA

- Fagráðuneyti getur breytt skiptingu fjárveitinga innan málaflokks.
- Ekki er heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga.
- Ákvörðun skal rökstudd og tilkynnt forstöðumanni stofnunar sem breytingin varðar með **a.m.k. 6 vikna fyrirvara**.
- Forstöðumanni ber að **uppfæra rekstraráætlun til samræmis við fjárveitingar** og skila ráðuneyti til staðfestingar

# VARASJÓÐIR MÁLAFLOKKA

- Varasjóður fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum til málaflokksins.
- **Ef ekki er skilgreind sérstök áhætta í málaflokki og ekki koma fram frávik í rekstri ríkisaðila og verkefna** á fyrri helmingi ársins getur fagráðuneyti gert tillögur að ráðstöfun varasjóða málaflokka í **samræmi við þá stefnumótun sem um þá gildir og áherslur** á þeim grundvelli.

# FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA MILLI ÁRA

- Ráðuneyti ákveða að hvað miklu leiti ríkisaðili njóti afgangs eða beri með sér halla sem varasjóður þess árs nær ekki að jafna.
- Dugi varasjóður ekki til að jafna eldri halla ber ráðuneyti að gera breytingar á fjárveitingum ríkisaðila þannig að heildarstaða í árslok sé í samræmi við fjárheimildir.
- **Að teknu tilliti til sérstakra niðurfellinga halla hjá ríkisaðilum sem hafa um árabil borið með sér halla, er gert ráð fyrir að þetta markmið náist frá og með næsta ári!**

# ALMENNUR VARASJÓÐUR

» Í fjárlögum skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði sem skal nema að lágmarki 1% af fjárheimildum.

» Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta:

- **Frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga.**
- Meiriháttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum svo sem vegna eldgosa, jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum.

» **Ekki er heimilt að nýta varasjóð til að mæta rekstrarvanda einstaka ríkisaðila.**

# FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG FASTEIGNA

# FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG FASTEIGNA

- LOF tilgreinir breytingar varðandi reikningsskil og utanumhald um fasteignir ríkisins.
- 43. gr. – Miðlæg eignaumsýsla og framkvæmd húsnæðimála samræmd.
- 52. gr. – Gera kostnaðarfærslu af húsnæði gagnsærri og taka upp markaðsleigu.

# FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG FASTEIGNA



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Takk fyrir

www.fjr.is | twitter.com/MoFIceland

